


Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd
11 / 2 2019



GRUNNMYND 1. HÆÐ mkv. 1:100



Hvanneyrarbraut 40, Siglufjörður
Landnúmer 142655
Fasteignanúmer 213-0515
Staðgreinir 6250-1-44530400
Íbúðarhús - Breytingar

Byggingarlýsing
Um er að ræða breytingar á íbúðarhúsi á tveimur hæðum byggt árið 1937 og steyptri viðbyggingu bætt við til norðurs árið 1950. Kjallari á eldri húshluta er steyptur undir milligólf, milligólf er úr timburásam og klætt með gólfborðum úr timbri, útveggir á hæð eru úr forskalaðri timburgrind og þakvirki úr timbri klætt með bástáli. Byggingin er í notkunarflokki 3, skv. bygg. rgl. nr. 112/2012, m.s.br.

Endurgera skal innrígð íbúðarhúss. Gólf skal brotið upp í kjallara að hluta og það steypt aftur með járnarmottum og gólfhitalögnum.

Skipta skal út öllum gluggum á efri hæð og hluta í kjallara, sjá gluggamerkingar á teikningu og skipta skal út útihurðum. Gluggasetningar breytast að hluta. Milligólf verður styrkt og allir léttir innveggir verða rífnir niður og settir upp nýjir skv. nýju plani. Klæða skal hús að utan með bárujárni. Einangra skal í lektugrind með steinull undir bárujárnsklæðningu.

Endurbýggðir verður geymsluskúr norðan við íbúðarhús með samskonar þakformi og er á íbúðarhúsi. Geymsla skal byggð á steyptum sökkli og grunnplötu. Yfirbygging geymslu skal byggð úr timburstöðum og klædd með samskonar bárujárni og sett verður á íbúðarhús. Endurgera skal allar lagnir í íbúðarhúsi.

Sökkjar:

Undir húsi er enginn sökkull. Bara niðurgrafnir veggir sem grunnplata var steypt inn í. Niðurgrafnir veggir skulu einangraðir með steinullar sökkulplötum að utan og utan á einangrun skal lagður takkadúkur og drenmöl. Meðfram vesturhlíð skal lögð drenlagn sem tengd skal við fráveitukerfi að austan.

Grunnplata:

Saga skal rásir fyrir nýjar fráveitulagnir í núv. grunnplötu. Þar sem sýnilegar skemmdir eru í núv. plötu skal bjóta það upp og setja frostfría malarfyllingu. Steypa skal

Innveggir:

Nýjir innveggir skulu byggðir úr timburstöðum 45x95 C600 einangra skal í stoðarbil með 95mm þéttull. Klæða skal veggi með krossvið og gipsi.

Útveggir:

Veggir á upprunalegu húsi eru úr steyptum kjallaraveggjum um 20cm þykkum, veggir hæðar eru byggðir úr forskalaðri timburgrind. Veggir viðbyggingar eru steyptir frá sökkli upp undir þakbita. Ný yfirbygging svala verður glerhjúpur með gluggapóstum og körmum úr timbri. Klæða skal útveggi með 50mm steinullareinangrun og hún klædd ofna á timburlektur með standandi bárujárni í samskonar lit og er á þaki. Bárujárn verður málað í lit sem valinn verður af húseiganda.

Gluggar og hurðir:

Skipta skal út gluggum á hæð og gluggasetningu breytt skv. teikningu. Fög og gönguhurðir úr harðviði. Gler er tvöfalt einangrunargler með hámarks U-gildi 1,3 W/m²C°. Kólnunartala nýrra glugga og hurða skal vera minni en 2,0 W/m²C°. Einnig verður komið fyrir nýjum opnanlegum fögum í núv. glugga í kjallara, skv. teikningu.

Þak:

Burðarviðir í þaki haldast óbreyttir. Lokað á milli sperra með 12 mm rakaheldum krossvið, tvö 40 mm loftunarrör með flugnaneti í hverju sperrubili. Einangrun í þaki verður 200 mm með vindvörn. Loftunarbíl yfir einangrun minnst 25 mm. Neðan í einangrun komi rakavarnarlag úr þolplasti, þá lektugrind og loftaklæðning í flokki 2 a.m.k. Kólnunartala í þaki skal vera minni en 0,2 W/m²C°.

Lagnir og rafmagn:

Hús er tengt hitaveitu- og rafkerfi RARIK og vatnsveitu- og fráveitukerfi Fjallabyggðar. Í norðvesturherbergi í kjallara verður komið fyrir inntökum á heitu og köldu vatni, gagnaveitu og rafmagn. Kjallari verður hitaður upp með gólfhitalögnum. Upphitun hæðar verður með þilofnum/gólfhita. Nýjum fráveitulögnum verður komið fyrir í sagaða rás undir grunnplötu að nýjum töppunarstöðum. Lagnir undir grunnplötu verða úr PVC-plasti en allar lagnir ofan grunnplötu verða úr PP-plasti. Neysluvatnslagnir skal leggja undir grunnplötu með fráveitulögnum að töppunarstöðum. Neysluvatnslagnir skal leggja í ídráttarbarka undir grunnplötu, skulu haldar neysluvatnslagnir vera PEX-lagnir með pressuðum samsetningum eða úr sambærilegu efni, annars úr ryðfríu stáli með pressuðum samsetningum. Neysluvatnslagnir og raflagnir skal leggja í lagnagrind með veggjum undir klæðningum. Loftræsing náttúruleg.

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

Brunavarnir

Klæðningar skulu vera í flokki 2 a.m.k. Burðarviðir að lágmarki R30. Reykskynjarar skv. uppdætti. Flóttaleiðir skv. uppdætti. Eldvarnarteppi og slökkvitækjum skal komið fyrir í samráði við Slökkvilið Fjallabyggðar.

Björgunarop verða í öllum svefnherbergjum byggingu skv. uppdætti. Breidd björgunaropa (ljósmál) minnst 600 mm.


Flatarmálsstærðir, brúttó:

Samtals, íbúðarhús skv. Fasteignaskrá: 217,1 m²
Samtals, geymsla 15 m²


Sjá nánar í skráningartöflu, sem er fylgiskjal með uppdætti þessum.

Uppruni teikningar: Á. Bjarnason 1937 (upprunalegt hús), Sigtryggur Stefánsson maí 1950 (viðbygging til norðurs) og Skúli Jónasson 5. maí 1958 (útlitsbreyting).

GRUNNMYND KJALLARI mkv. 1:100



SNIÐ A mkv. 1:100



<p>STOÐ EHF. VERKFRÆÐISTOFA</p> <p>Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrúki sími 453-5050 fax 453-6021 www.stod ehf.is stod@stod ehf.is</p> <p>Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns <i>Ásgerður Karl</i> Kt. 230785-4149</p>		Verk:	HVANNEYRARBRAUT 40, SIGLUFJÖRÐI		
		Verkþáttur:	Aðaluppdráttur - Breytingar 2019; grunnmynd og byggingarlýsing		
Unnið fyrir:	Jóhönnu og Helmut	Verknr.:	783601		
Hannað:	Þórður Karl	Teiknað:	ÞKG	Mælikvarði:	1:100
Teikniskrá:	783601AM Hvanneyrarbraut 40.dwg		Blaðstærð:	A2	
Útgáfudagur:	Breyting:	21.01.2019	Nr. Dags.	Prentað:	21. jan. 2019